



Ársskýrsla
Kennarasambands Íslands 2012



EFNI

Stjórn KÍ 2011-2014	4
Starfsemi á skrifstofu KÍ í Kennarahúsinu	4
Þjónustustefna KÍ	4
Lögfræðistörf fyrir KÍ	7
Fundir og erindrekstur	7
Lækkun félagsgjalds	7
Útgáfu- og kynningarmál	8
Kjaramál	8
Skólamál	11
Frá þingkjörnum nefndum og ráðum	14
Ýmsar nefndir	21
Erlent samstarf	24
Niðurlag	25

Stjórn Kennarasambandsins 2011-2014

Í kjölfar þings KÍ í apríl 2011 tóku eftirtaldir aðilar sæti í stjórn Kennarasambands Íslands:

Þórður Á. Hjaltsted	formaður
Björg Bjarnadóttir	varaformaður
Aðalheiður Steingrimsdóttir	FF
Guðbjörg Ragnarsdóttir	FG, ritari
Hanna Berglind Jónsdóttir	FL
Haraldur Freyr Gíslason	FL
Ingibjörg Kristleifsdóttir	FSL
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir	FF
Ólafur Loftsson	FG
Sigrún Grendal	FT
Svanhildur María Ólafsdóttir	SÍ, gjaldkeri
Þorgerður L. Diðriksdóttir	FG
Þór Pálsson	FS

Stjórnin hefur haldið alls tíu reglulega stjórnarfundum frá síðasta þingi árið 2011 til febrúarloka 2012. Á fyrsta fundi stjórnar eftir þing skipti stjórn með sér verkum, formaður mun stýra kjararáði og varaformaður skólamálaráði. Stjórnin skipaði Guðbjörgu Ragnarsdóttur ritara og Svanhildi M. Ólafsdóttur gjaldkera. Á öðrum fundi fór stjórn yfir allar samþykktir þings og setti í verkferla og vísaði til nefnda, sjóða og ráða til úrlausnar.

Á stjórnarfundum eru tekin til afgreiðslu öll mál er varða starfsemi Kennarasambandsins. Þau mál sem oftast hafa verið á dagskrá eru lögfræðimál, innra starf og félagsmál, styrkveitingar til fagfélaga, skólamál, kjaramál, samskipti við ríki og sveitarfélög og síðast en ekki síst, lífeyrismál.

Ritun fundargerða á stjórnarfundum er í höndum Helga E. Helgasonar. Ekki verður gerð grein fyrir efni stjórnarfunda í skýrslu þessari en í henni er dregið á það helsta í starfsemi sambandsins frá 5. þingi KÍ sem haldið var í apríl 2011.

Formaður og varaformaður funda vikulega með skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra orlofssjóðs.

Starfsemi á skrifstofu kennarasambandsins í kennarahúsinu

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins hefur að mestu leyti verið með hefðbundnum hætti frá síðasta þingi. Breytingar sem innleiddar hafa verið á undanförunum misserum hafa nú fest sig í sessi og skipting milli þjónustusviðs og félagssviðs gengur mjög vel. Starfsmenn sem áður voru tengdir einstökum félögum (FG og FL) starfa nú á miðlægu þjónustusviði félagssviðs KÍ. Starfsvið þeirra (Sesselja og Þröstur) er almenn þjónusta við félagsmenn í leik- og grunnskólum og að sinna verkefnum tengdum KÍ. Á sviðinu starfar einnig þjónustufulltrúi (Hafdís) sem sinnir störfum fyrir siðaráð, vinnuumhverfisnefnd og jafnréttisnefnd. Hafdís aðstoðar einnig FF við undirbúning fundu og fleiri verkefni og sinnir ýmsum verkefnum fyrir KÍ. FF ákvað að færa ekki sinn starfsmann á miðlæga þjónustusviðið.

Þjónustustefna KÍ

Þjónustusamningar eru í vinnslu milli KÍ og allra sjóða nema Vinnudeilusjóðs en í þeim felst að sjóðirnir ráða ekki lengur sérstaka starfsmenn heldur sér starfsfólk KÍ um að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er á vettvangi hvers sjóðs fyrir sig. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og er hagkvæmara en gamla kerfið. Í fyrirliggjandi

drögum að samningunum fylgir tæmandi listi yfir þau verkefni sem KÍ ynnir af hendi fyrir sjóðina og skilgreiningu á því hver vinnur hvaða verk.

Starfsmenn á Félagssviði

Þórður Árni Hjaltsted formaður Kennarasambandsins er í fullu starfi og er formaður kjararáðs og sinnir kjara-, félags- og skólamállum. Hann fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins og starfi aðildarfélaga KÍ og aðstoðar þau að því leyti sem þurfa þykir hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við önnur samtök launafólks, fjölmiðla og aðra sem Kennarasambandið á samstarf við. Formaður stýrir félagssviði og sinnir auk þess erlendu samstarfi.

Björg Bjarnadóttir varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns er í fullu starfi og sinnir skóla-, félags og kjaramálum. Björg er formaður skólamálaráðs og talsmaður KÍ í skólamállum. Norrænt samstarf, fræðslu- og kynningarmál eru innan hennar verksviðs. Einnig sinnir hún starfsmannamálum og stýrir þróunarverkefninu „Virkur vinnustaður“ í samstafi við VIRK.

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur KÍ hefur aðsetur í Borgartúni 6. Erna annast öll almenn lögfræðistörf fyrir KÍ, félögin og sjóði.

Kristín Elfa Guðnadóttir útgáfustjóri KÍ ritstýrir Skólavörðunni, vefriti, fréttaflokkningi á heimasíðu KÍ, árlegri útgáfu Ferðablaðs og árlegri útgáfu Handbókar kennara. Útgáfustjóri ber enn fremur ábyrgð á og hefur umsjón með annarri útgáfu á vegum KÍ og aðildarfélaga.

Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ sinnir hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi sér um að svara erindum sem berast og varða launa- og réttindamál. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu sendir hún áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar.

Ragnhildur S. Björnsdóttir er vef- og skjalastjóri KÍ. Hún sér um vef KÍ ásamt rafrænni mála- og skjalastjórnun.

Hafís D. Guðmundsdóttir er þjónustufulltrúi á félagssviði í 75% starfhlutfalli og sinnir störfum fyrir KÍ, m.a. vegna vinnuumhverfisnefndar, siðaráðs og jafnréttisnefndar, ásamt skilgreindum verkefnum fyrir FF.

Sesselja G. Sigurðardóttir þjónustufulltrúi á félagssviði sinnir málefnum KÍ, FL og FG. Sesselja sinnir einnig verkefnum fyrir sjúkra- og endurmenntunarsjóði.

Þröstur Brynjarsson þjónustufulltrúi á félagssviði sinnir málefnum KÍ, FL og FG. Hann er tengiliður við stjórn Vísindasjóðs leikskólans. Þröstur sinnir einnig verkefnum fyrir sjúkra- og endurmenntunarsjóði.

Ólafur Loftsson formaður FG sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Guðbjörg Ragnarsdóttir varaformaður FG sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður FF sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara.

Anna María Gunnarsdóttir sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara og er í hlutastarfi.

Elna Katrín Jónsdóttir sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara og er í hlutastarfi. Fram til 1. ágúst er hún þó í fullu starfi samkvæmt ákvörðun FF.

Svanhildur M. Ólafsdóttir formaður SÍ sinnir störfum fyrir Skólastjórafélag Íslands.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir formaður FT sinnir störfum fyrir Félag tónlistarskólakennara.

Haraldur Freyr Gíslason formaður FL sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara.

Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður FSL sinnir störfum fyrir Félag stjórnenda leikskóla.

Starfsmenn á Þjónustusviði

Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ sér um daglegan rekstur skrifstofu, hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Skrifstofustjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt stjórnar. Skrifstofustjóri er yfirmaður þjónustusviðs.

Ásta St. Eiríksdóttir gjaldkeri sjóða er tengiliður KÍ við Íslandsbanka (áður BYR) sem sér um innheimtu félags- og sjóðagjalda KÍ.

Hrönn Steingrímsdóttir er móttökuritari og annast móttöku, símsvörun og umsýslu á pósti auk daglegra starfa er til falla á skrifstofu KÍ.

Hanna Dóra Þórisdóttir framkvæmdastjóri Orlofssjóðs sér um allan daglegan rekstur og fjármál sjóðsins. Hanna Dóra sér einnig um daglega verkstjórn á þjónustusviði KÍ og heldur utan um viðveruskrá.

Ingunn Þorleifsdóttir sinnir ræstingum í Kennarahúsinu.

María Norðdahl starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Ragnheiður Ármannsdóttir er starfsmaður Orlofssjóðs í hlutastarfi.

Sigríður Sveinsdóttir er í hlutastarfi og hefur umsjón með félagatali Kennarasambandsins og sinnir verkefnum fyrir aðildar- og sérfélög sem tengjast félagaskránni.

Sigrún Harðardóttir starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Stella Kristinsdóttir er í hlutastarfi og sér um matseld í hádegi. Auk þess sér Stella um sölu auglýsinga í Skólavörðuna, Ferðablaðið og Handbók kennara.

Frá þingi KÍ í apríl 2011 hafa eftirtaldir látið af störfum í kennarahúsinu:

Eiríkur Jónsson lét af störfum sem formaður KÍ 2011.

Elna Katrín Jónsdóttir lét af störfum sem varaformaður KÍ 2011.

Jón Ingi Einarsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri SÍ 2011.

Marta Dögg Sigurðardóttir lét af störfum sem formaður FL 2011.

Nýir starfsmenn í kennarahúsinu frá þingi KÍ í apríl 2011:

Elna Katrín Jónsdóttir sérfræðingur FF hóf störf 1. febrúar 2012.

Guðbjörg Ragnarsdóttir varaformaður FG hóf störf 1. ágúst 2011.

Haraldur F. Gíslason formaður FL hóf störf 18. maí 2011.

Svanhildur M. Ólafsdóttir formaður SÍ hóf störf 1. ágúst 2011.

Þröstur Brynjarsson þjónustufulltrúi á félagssviði hóf störf 1. maí 2011.

Starfsmannafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega. Ný forysta hefur lagt áherslu á að auka og bæta vinnuumhverfi starfsmanna KÍ, m.a. með liðsheildarfræðslu og með því að formgera og skýra skipulag, verkferla og vinna að mótun starfsmannastefnu. Ákveðið var í samstarfi við VIRK að taka þátt í þróunarverkefninu „Virkur vinnustaður“ sem er verkefni til þriggja ára. Verkefnið snýst um að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu með áherslu á jákvæða og heilsusamlega nálgun, þarfagreiningu og stefnumótun. Starfsmenn hafa tekið þátt í námskeiðum og fræðslu um málaflokkinn.

Lögfræðistörf fyrir KÍ

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur er í fullu starfi fyrir KÍ og BHM. Aðalstarfsstöð hennar er í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Erna sinnir fjölbreyttum lögfræðistöfum fyrir KÍ og félögin. Auk Ernu hafa lögmannsstofurnar Lögmenn Mörkinni og Löggarður unnið lögfræðistörf fyrir KÍ. Með því að hafa í senn reyndan lögfræðing í föstu starfi og um leið aðgang að öðrum reyndum lögmönnum getur KÍ tryggt félagsmönnum sínum þá bestu þjónustu sem í boði er á þessu sviði. Mikið hefur mætt á þessu sviði starfseminnar árin frá hrúni þar sem ríki og sveitarfélög hafa leitað leiða til að lækka kostnað við rekstur og við það oft á tíðum farið út á ystu nöf þannig að félagsmenn hafa þurft að leita eftir lögfræðiaðstoð frá KÍ til þess að gæta réttar síns. Kostnaður KÍ vegna lögfræðimála hefur aukist vegna þessa.

Fundir og erindrekstur

Félög innan Kennarasambandsins hafa lagt metnað sinn í að sinna öflugum fræðslu- og kynningarstarfi. Í því sambandi nægir að nefna trúnaðarmannafundi, námskeið og skólaheimsóknir en allir þessir þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna. Unnið er að því að auka fundahald og fræðslustarf fyrir alla trúnaðarmenn KÍ eða, eftir atvikum, félagsmenn á hverju svæði vegna málefna sem varða öll aðildarfélög. Einnig er áfram lögð áhersla á að KÍ efi félagsmálafræðslu fyrir forystufólk í trúnaðarstörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin. Fræðslumál eru í skoðun og er starfshópur að skipuleggja hvernig má efla þennan þátt í stafseminni.

Lækkun félagsgjalds

Fimmta þing KÍ staðfesti áður samþykktu tillögu stjórnar KÍ og Vinnudeilusjóðs frá 2010 um að fella niður greiðslur félagsmanna í sjóðinn, með þeim fyrirvara að hefja megi gjaldtöku að nýju ef komi til vinnustöðvunar á kjörtímabilinu. Þingið staðfesti einnig að félagsgjald yrði 1% af föstum launum með heimild stjórnar um að hækka það aftur í 1,1% ef aðstæður og nauðsyn krefði, en stjórn KÍ ákvað að lækka félagsgjaldið úr 1,1% í 1% frá 1. janúar 2010. Markmiðið með þessu er að létta byrðar félagsmanna með hliðsjón af þeirri kaupmáttarrýrnun sem að undanförmu hefur átt sér stað. Ljóst er að KÍ er nú rekið með fjárhagshalla. Samþykkt var á þinginu að ganga á höfuðstól sambandsins frekar en að hækka félagsgjaldið. Jafnframt var ákveðið að halda úti jafngóðri eða jafnvel betri þjónustu við félagsmenn. Lögð var áhersla á að leita hagræðingar í starfseminni eins og kostur er.

Fjárvörsluráð

Nýtt fjárhagsráð KÍ tók til starfa haustið 2011. Ráðið er þannig skipað:

Þórður Á. Hjaltested	Formaður KÍ
Björg Bjarnadóttir	Varaformaður KÍ
Svanhildur María Ólafsdóttir	Gjaldkeri KÍ
Ingibergur Elisson	Formaður Vinnudeilusjóðs KÍ
Oddur Jakobsson	Hagfræðingur KÍ
Hannes Þorsteinsson	Skrifstofustjóri KÍ

Ráðið hefur fundað reglulega frá því það tók til starfa. Ráðið er ráðgefandi fyrir stjórn KÍ. Ráðið hefur einnig fundað með fulltrúum banka og verðbréfasjóða með það að markmiði að kynna sér kjör sem í boði eru á markaðnum. Fundað var sérstaklega með BYR þegar ljóst var að Íslandsbanki myndi yfirtaka BYR. Í kjölfarið var fundað með fulltrúum Íslandsbanka og fengið staðfest að bankinn hygðist virða samninga KÍ við BYR um innheimtu. Óskuðu fulltrúar bankans eftir að aðrir þættir yrðu endurskoðaðir í nánustu framtíð. Er sú endurskoðun í vinnslu.

Eitt af hlutverkum ráðsins er að leggja árlega fram tillögu til stjórnar KÍ um ávöxtun fjármuna sambandis. Ráðið lagði fram tillögu sína á fundi stjórnar KÍ í janúar 2012 og var tillagan sú að sama varfærni væri viðhöfð áfram fjármálum sambandsins. Stjórn KÍ samþykkti tillögu ráðsins.

Útgáfu- og kynningarmál

Áfram var unnið að breytingum á útgáfumálum KÍ á árinu samkvæmt þingsamþykktum og með það fyrir augum að koma betur til móts við félagsmenn og um leið gæta hagkvæmni og efla rafræna útgáfu í þágu umhverfisins. Sérblað með Fréttablaðinu var gefið út á alþjóðadegi kennara 5. október. Ferðablað Orlofssjóðs KÍ og Handbók kennara, tveir árvisir prentgripir, komu út að venju og unnið var að áframhaldandi þróun á „Mínum síðum“ sem nú eru komnar til framkvæmda með fylgjandi umtalsverðum þægindum fyrir félagsmenn. Þróun þeirra verður haldið áfram enda möguleikar ekki enn fullnýttir, til að mynda í samhengi við kannanir. Skólavarðan kom út þrisvar á árinu en mun koma út tvisvar árið 2012 og þaðan í frá. Skýrsla um tímabilið 2008-2011 var gefin út og á síðasta hluta ársins hófst vinna að endurgerð bæklinga með þingsamþykktum, lögum og stefnumálum Kennarasambandsins. Þá hóf einnig starfshópur um útgáfumál störf sín sem meðal annars vinnur að eflingu og endurnýjun vefjar KÍ og að endurmótun útgáfumála KÍ en sú vinna er enn í burðarliðnum.

Kjaramál

Kjararáð Kennarasambands Íslands hefur haldið fimm fundi frá síðasta ársfundi til febrúar 2012. Enn fremur hafa fulltrúar í kjararáði setið fundi með stjórn KÍ þar sem fjallað er um kjaramál. Umfjöllunarefni kjararáðs hafa m.a. verið kjarastefna og samþykktir þings, kjarasamningar aðildarfélaganna og vinna við bókanir, staðan í efnahagsmálum og samningar á almennum vinnumarkaði, lífeyrismál, vettvangsnám kennaranema, upplýsingar frá OECD og umræður um lengingu kennaranáms og áhrif þess á kjör. Í kjararáði sitja, auk formanns og varaformanns KÍ, formenn félaga og einn fulltrúi að auki frá hverju félagi. Einnig sitja í ráðinu tveir fulltrúar Félags kennara á eftirlaunum.

Fulltrúar í Kjararáði

Þórður Á. Hjaltested	KÍ
Björg Bjarnadóttir	KÍ
Aðalheiður Steingrimsdóttir	FF
Ægir Sigurðsson	FF
Haraldur Freyr Gíslason	FL
Heiðar Örn Kristjánsson	FL
Ólafur Loftsson	FG
Sigurjón Magnússon	FG
Sigrún Grendal	FT
Árni Sigurbjörnsson	FT
Svanhildur María Ólafsdóttir	SÍ
Þórður Kristjánsson	SÍ
Þór Pálsson	FS
Sigríður Ágústsdóttir	FS
Hinrik Bjarnason	FKE
Kristín G. Ísfeld	FKE

Hagfræðingur KÍ, Oddur Jakobsson, situr alla fundi kjararáðs og tekur þátt í undirbúningi þeirra í samstarfi við formann KÍ. Oddur hefur undirbúið og haldið erindi á öllum fundum ráðsins. Oddur hefur einnig verið með kynningar á samninganefndarfundum aðildarfélaganna og komið að kjarasamningagerð allra félaga.

Ný kjarastefna sem samþykkt var á fimmta þingi sambandsins felur í sér nýja nálgun. Samkvæmt henni fer KÍ fram á að laun kennara séu metin út frá skilgreiningum samkvæmt stöðlum Hagstofunnar um háskólamenntaða sérfræðinga. Ljóst er að gildi menntunar er lítt metið til launa á Íslandi og gerir KÍ kröfu um að það sé tekið til endurskoðunar. Á komandi árum munu allir nýútskrifaðir kennarar sem koma til starfa hafa meistaraþróf frá háskólum. Kjararáð KÍ mun leggja fram samræmda áætlun um hvernig þessi breyting verður nýtt til hagsbóta fyrir félagsmenn.

Kjararáð tók þátt í málþingi um lífeyrismál í janúar 2012. Málþingið var skipulagt sameiginlega af KÍ, BHM og BSRB. Kynnt var skýrsla Benedikts Jóhannssonar tryggingastærðfræðings um samspil lífeyrisgreiðslna, skatta og almannatrygginga. Í henni og á málþinginu var einnig farið yfir stöðu A og B deildar LSR og hverjar skuldbindingar ríkisins eru í raun og veru. Fjöldmenni var á málþinginu og heppnaðist það vel. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi KÍ og bandalaganna um lífeyrismál á næstu misserum.

Kjarasamningar

Kjarasamningar milli ASÍ og SA voru undirritaðir 5. maí 2011 og urðu viðmið fyrir þá sem sömdu í kjölfarið. Ríkisstjórn Íslands setti á sama tíma fram yfirlýsingu um efnahags- og skattamál sem tengdust kjarasamningagerðinni og voru til þess að liðka fyrir gerð þeirra.

Öll aðildarfélög KÍ gerðu nýja kjarasamninga á árinu 2011 með gildistíma til 2014. Þegar nýir samningar voru undirritaðir voru liðin tvö ár frá því að samningar þeirra félaga KÍ sem semja við sveitarfélög runnu út en KÍ (framhaldsskóli) samdi við ríkið á árinu 2009. Erfiðast reyndist að ná samningum fyrir leikskólakennara.

Kjarasamningur FG er eini samningurinn með ákvæði um að hann renni út 2012 ef ekki hafi verið gert nýtt samkomulag sem tengist endurskoðun á vinnutímaákvæðum kjarasamningsins. Nýtt samkomulag á að setja í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna FG. Mikill dráttur varð á að þessi vinna hæfist síðastliðið haust og því ákvæðu aðilar að gera nýja verkáætlun sem lýkur í síðasta lagi 1. desember 2012. Samningar FG og SNS eru tæknilega lausir en SNS ákvað að virða launahækkunarákvæði samningsins frá 2011 og því hækka laun grunnskólakennara eins og annarra félagsmanna 1. mars 2012. Allir samningarnir eru með svipuð ákvæði og samið var um í kjarasamningum ASÍ og SA. Allir samningarnir eru með ákvæði í bókunum eða samningstexta um frekari vinnu samningsaðila á samningstímabilinu. Samið var við FL á elleftu stundu, eða tveimur dögum fyrir boðað verkfall.

Með kjarasamningi framhaldsskólans fylgir samkomulag við menntamálaráðherra um stofnun starfshóps til að vinna að tillögum um aðlögun kennarastarfsins að nýjum framhaldskólalögum. Með kjarasamningnum og samkomulaginu fylgir líka yfirlýsing menntamálaráðherra. Starfshópurinn tók til starfa haustið 2011 og er skipaður fulltrúum KÍ/framhaldsskóla, menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og skólameistara. Samkvæmt kjarasamningnum og samkomulaginu á starfshópurinn á að skila lokaáliti fyrir miðjan maí 2012 en áður drögum að niðurstöðum í byrjun apríl. Tillögur starfshópsins fara til í hendur samningsaðila og skal samningur þeirra um breytingar á kjarasamningi liggja fyrir 1. september 2012 og vera borinn undir atkvæði meðal félagsmanna KÍ í framhaldsskólum í þeim sama mánuði.

Kjarasamningur leikskólans felur í sér að bera á saman launakjör leikskólakennara við sambærilega hópa og jafna laun við þá hópa í áföngum miðað við ákveðnar forsendur fyrir árslok 2014. Samningar allra félaga KÍ eru til þriggja ára og með þeim er vonast til að hægt verði að stöðva kaupmáttarhrap undangenginna ára. Kjarasamningar grunnskólakennara og félaga kennara og stjórnenda í framhaldsskólum innihalda ákvæði

um viðræður um skipulag vinnutilhögunar og skólstarfs og gætu, ef um það semst, tekið breytingum á samningstímanum.

Lífeyrismál

Áfram er unnið að því að eitt lífeyriskerfi geti tekið gildi fyrir alla landsmenn. Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru betri en réttindi flestra starfsmanna á almennum markaði. Vilji hefur verið til þess að jafna þann mun. Inn í viðræður um þessi mál fléttast spurningar um launasetningu á opinberum vinnumarkaði og um lagaumhverfi opinberra starfsmanna. Laun eru að jafnaði hærri á almennum markaði en hjá starfsmönnum hins opinbera. Það er álit margra að launamuninn þurfi að jafna samhliða jöfnun á lífeyrisréttindunum. Að störfum eru tveir starfshópar sem skipað var í að beiðni fjármálaráðuneytis. Fulltrúar KÍ í starfhópunum eru Eiríkur Jónsson fyrrverandi formaður KÍ og Oddur Jakobsson hagfæðingur KÍ.

Efnahagsástandið - niðurskurður

Eftir þrjú erfið ár virðist sem botninum hafi verið náð í efnahagslegu niðursveiflunni á Íslandi. Enn er þó gert ráð fyrir niðurskurði hjá hinu opinbera á næsta ári. Þó að niðurskurður verði hlutfallslega minni en undanfarin ár mun hann leggja þungt á skólakerfið eftir mikinn niðurskurð undanfarinna ára og líka heilbrigðisstofnanir sem standa höllum fæti eftir fjársveltis fyrri ára. Meginlínan er að skera þarf niður um 1,5% í heilbrigðis- og menntamálum.

Eins og áður hefur komið fram í skýrslum KÍ hefur Kennarasamband Íslands, eins og öll þjóðin, háð mikla varnarbaráttu síðustu misseri. Baráttan hefur snúist um að verja grunnstoðir samfélagsins eins og mennta- og heilbrigðiskerfið. Þessi baráttan er erfið og margt hefur þurft undan að láta. Þeir sem gegna forystu og annað fagfólk á þessum sviðum segja niðurskurð orðinn svo mikinn að útilokað að halda áfram á sömu braut án þess að skerða þjónustu. Það eina sem hægt er að gera við þessar aðstæður er að reyna að opna augu stjórnmalámalanna fyrir þeirri staðreynd að niðurskurður í menntakerfinu er hættulegur og líklegur til að bitna hart á framtíð þjóðarinnar.

Eins og fram kom í skýrslu til þings KÍ 2011 varð sambandið ekki fyrir miklu fjárhagslegu tjóni vegna falls bankanna. Þetta stafar af því að fjárfestingastefna sambandsins tekið mið af mikilli varfærni. Ljóst er hins vegar að margir hafa farið mjög illa út úr fjármálahruginu og eru félagsmenn KÍ þar engin undantekning. Nýtt fjárvörsluráð KÍ sem skipað var í kjölfar fimmta þings KÍ hefur lagt til við stjórn KÍ að sama varfærni væri áfram viðhöfð í fjármálum sambandsins og staðfesti stjórn KÍ tillögu ráðsins á fundi í janúar 2012.

Símenntunarsjóðir aðildarféлага KÍ

Umsóknum um styrki vegna sí- og endurmenntunar félagsmanna KÍ hefur fjölgað til muna síðastliðið ár. Félagsmenn eru betur meðvitaðir um réttindi sín og er það af hinu góða. Þetta hefur valdið álagi á starfseminu en á móti kemur að KÍ hefur látið smíða „Mínar síður“ sem viðbót við heimasíðu sambandsins. Þetta er gert til þess að auka þjónustu við félagsmenn og auka sjálfvirkni. Félagsmenn geta með þessu betur áttað sig á réttindum sínum og stöðu gagnvart sjóðunum.

Ekki verður hjá því komist að ræða stöðu Vísindasjóðs FF og FS. Eitt af því sem tekið hefur mikinn tíma stjórnar og forystu KÍ síðastliðið ár er deila milli stjórnar Vísindasjóðs FF og FS (VÍS, FF og FS) og KÍ. Deilan hófst í tíð síðustu stjórnar KÍ og snérist um fjármál, bókhald og gjaldtöku KÍ fyrir veitta þjónustu. Stjórn KÍ reyndi að fremsta megni að leysa deiluna með það að markmiði að þjónusta við félagsmenn KÍ í framhaldsskólum yrði ekki skert. Stjórn VÍS, FF og FS hefur frá fyrsta degi eftir fimmta þing KÍ kosið að eiga samskipti við forystu KÍ í gegnum lögfræðing. Í september 2011 ákvað stjórn KÍ að fá Ragnar H. Hall lögmann til að aðstoða stjórn KÍ við málið. Áður hafði stjórn KÍ fengið fyrrverandi formann síðaráðs KÍ til að miðla málum. Hann skilaði skýrslu til beggja aðila þar sem lögð var fram tillaga að lausn en hún leiddi ekki til lausnar. Málalok urðu þau að stjórn VÍS,

FF og FS ákvað að flytja sjóðinn úr þjónustu KÍ. Sjóðurinn hefur nú aðstöðu í Ármúla 21. Ljóst er að deilan hefur kostað KÍ og VÍS, FF og FS mikla fjármuni, fyrir utan allan þann tíma og orku sem farið hefur í málið.

Skólamál

Skólamálaráð

Skólamálanefndir aðildarféлага KÍ mynda skólamálaráð. Hlutverk skólamálaráðs er skilgreint í 30. grein laga sambandsins:

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs

Formenn skólamálanefnda aðildarféлага mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs. Í framkvæmdastjórninni kjörtímabilið 2011-2014 sitja:

Anna María Gunnarsdóttir, skólamálanefnd FF, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti/KÍ.

Björg Bjarnadóttir, varaformaður KÍ, formaður skólamálaráðs.

Guðný Rut Gunnlaugsdóttir, skólamálanefnd FL/FSL, Krógabóli Akureyri.

Guðbjörg Ragnarsdóttir, skólamálanefnd FG, KÍ.

Hulda Jóhannsdóttir, skólamálanefnd FL/FSL, Króki Grindavík.

Ingileif Ástvaldsdóttir, skólamálanefnd SÍ, Þelamerkurskóla, Hörgársveit.

Sigrún Grendal, stjórn FT, KÍ.

Steinunn Inga Óttarsdóttir, FS, Menntaskólanum í Kópavogi.

Þórður Árni Hjaltsted, formaður KÍ.

Skólafnfna

Skólafnfna KÍ og aðrar samþykktir sem snúa að skóla- og menntamálum eru meginleiðarvisir í starfsemi skólamálaráðs KÍ. Tekið var upp það nýmæli fyrir fimmta þing KÍ vorið 2011 að semja eina sameiginlega skólafnfna fyrir öll skólastigin, en engu að síður geta félögin ákveðið að móta ítarlegri stefnu og gerði framhaldsskólinn það að þessu sinni. Á fundi stjórnar KÍ í júní var farið yfir samþykktir þingsins, þ.m.t. skólafnfna og innihald þeirra og meðferð rædd. Skólafnfnan og aðrar samþykktir fimmta þings KÍ hafa verið gefnar út í bæklingi sem er einnig aðgengilegur á heimasíðu KÍ. Bæklingurinn var sendur til allra félagsmanna til að kynna stefnuna sem best og með því leitast við að gera hana að lifandi plaggi sem félagsmenn geti nýtt í umræðum og stefnumótun um skólafnfna.

Menntafnfna Education International (EI)

Alheimsping kennara var í Suður Afríku sumarið 2011, en það er haldið á fjögurra ára fresti. Þrjú fulltrúar frá KÍ sóttu þingið, þ.á.m. formaður skólamálaráðs. Í fyrsta sinn var samþykkt heilsteypt afnfna samtakanna í menntamálum undir yfirskriftinni *Byggjum framtíðina á góðri menntun*. KÍ lét þýða afnfna og er hana að finna á heimasíðu KÍ. Framkvæmdastjórn skólamálaráðs hyggst nýta hana eins og kostur er. Stefnunni voru gerð skil í sérblaði KÍ sem gefið var út á alþjóðadegi kennara 5. október og dreift með Fréttablaðinu.

Starfsáætlun

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs samþykkti starfsáætlun fyrir kjörtímabilið á fundi í nóvember sem kynnt var í stjórn KÍ í desember.

Starfsáætlunin skiptist í eftirfarandi kafla:

1. Skólastefna KÍ – menntastefna EI
2. Ný kennaramenntun
3. Símenntun/starfsþróun
4. Nýjar aðalnámskrár
5. Samstarf; innra samstarf, ytra samstarf
6. Útgáfumál
7. Fræðslufundir

Fundir og viðfangsefni

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs heldur fundi mánaðarlega og fjallar þar um ýmis erindi og mál samkvæmt skólastefnu og starfsáætlun. Á tímabilinu hafa verið haldnir átta fundir. Helstu mál sem fjallað hefur verið um eru yfirferð, útgáfa og kynning á skólastefnu og öðrum samþykktum þings KÍ um skólamál, yfirferð menntastefnu EI, starfsáætlanagerð fyrir kjörtímabilið, breyting á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna, símenntun/starfsþróun, NLS málþing um *Utbildning – en investering i framtiden*, málefni tengd vettvangsnámi, höfundarréttarmál, innleiðing aðalnámskráa, starfsemi skólamálanefnda aðildarfélaga KÍ og undirbúningur fræðslufunda og ársfundar KÍ og skólamálaráðs.

Aðalnámskrár

Vorið 2011 voru gefnar út nýjar aðalnámskrár (almennur hluti) fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Fulltrúar aðildarfélaga KÍ tóku þátt í þeirri vinnu með setu í ritnefndum fyrir hvert skólastig. Fram koma nýjar áherslur í námsskránum og felast þær m.a. í sex grunnþáttum menntunar sem skilgreindar eru í sameiginlegum inngangskafli fyrir öll skólastigin. Þeim er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Framkvæmdastjórn skólamálaráðs fékk fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga á fund til að ræða innleiðingu námsskránna en ljóst er að niðurskurður hamlar verulega innleiðingu þeirra og innleiðingu laga um skólastigin að einhverju marki.

Lög og reglugerðir

Meginhluti reglugerða við menntalögin er kominn út og hafa aðildarfélög KÍ fengið frumvarpsdrögin til umsagnar. Framkvæmdastjórn skólamálaráðs hefur gefið umsagnir um tvö frumvörp, frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla og frumvarp til laga um brottfall ýmissa laga á sviði fræðslumála.

Samstarfsnefnd KÍ og HÍ/Menntavísindasvið

Á tímabilinu hefur aðeins verið haldinn einn fundur í nefndinni en starf hennar lá niðri um nokkurt skeið. Á fundinum var meginumfjöllunarefnið ný kennaramenntun og aðsókn að kennaranámi. Skipulag fimm ára námsins liggur nú fyrir og hefur verið birt í kennsluskrá. Miklar áhyggjur eru af dvínandi aðsókn í kennaranám og vill nefndin finna leiðir til að kynna kennarastarfið og námið sem spennandi valkost. Fulltrúar KÍ í nefndinni eru Björg Bjarnadóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir og Þór Pálsson.

Símenntun/starfsþróun

Í framhaldi af skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra um endurskipulagningu endurmenntunar kennara sem kom út í janúar 2011 ákváðu fulltrúar í samstarfsnefnd KÍ og HÍ að boða til samráðsfundar þá aðila sem fulltrúa áttu í nefndinni sem vann skýrsluna. Auk ráðuneytisins og KÍ voru það Samband Íslenskra sveitarfélaga, HÍ, HA og LHÍ. Þessir aðilar komu sér saman um að hringa í framkvæmd þeim tillögum sem fram komu í skýrslunni og skrifuðu undir viljayfirlýsingu þess efnis. Komið var á fót samstarfsnefnd sem hefur það markmið að vinna að sameiginlegri stefnumótun um símenntun/starfsþróun kennara. Í samstarfsnefndinni sitja fyrir hönd KÍ Guðbjörg Ragnarsdóttir, Haraldur F. Gíslason, Sigrún Grendal, Svanhildur María Ólafsdóttir og Elna Katrín Jónsdóttir sem er jafnframt fulltrúi KÍ í stýrihópi sem á að sjá um að hringa verkefnum í framkvæmd og fylgja vinnunni eftir. Einnig var sett á laggirnar ritstjórn sem á að koma á fót upplýsingaveitu á netinu sem auðveldar samræmingu og flokkun á símenntunartilboðum fyrir kennara. Fulltrúi KÍ í ritstjórn er Guðbjörg Ragnarsdóttir. Edda Kjartansdóttir var ráðin starfsmaður nefndarinnar í hlutastarf til að halda utan um vinnuna og ber KÍ hluta af þeim kostnaði. Nefndin, stýrihópurinn og ritstjórnin hafa haldið fjöldamarga fundi.

Fræðslufundir

Haldnir voru tveir fræðslufundir á tímabilinu og báðir fjölluðu um símenntun/starfsþróun. Fyrri fundurinn var haldinn í Kennarahúsinu í nóvember með formönnum stjórna, skólamálanefnda og endurmenntunarsjóða aðildarfélaga KÍ undir yfirskriftinni Vinna KÍ, félaga og sjóða að símenntunar- og starfsþróunarmálum. Þar var m.a. fjallað um fjóra endurmenntunarsjóði aðildarfélaga KÍ, þeir bornir saman og skipst á skoðunum. Seinni fundurinn var haldinn á Grand Hótel í janúar og bar hann yfirskriftina Símenntun/starfsþróun – framtíðarsýn? Á hann voru boðaðir fulltrúar í stjórn KÍ, stjórnnum og skólamálanefndum aðildarfélaga og fulltrúum KÍ í stjórnnum endurmenntunarsjóða KÍ auk fulltrúa samstarfsaðila um símenntun/starfsþróun. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði fundinn. Eftirtaldir héldu erindi á fundinum; Jón Torfi Jónasson „Ættum við að breyta einhverju í umræðu okkar um símenntun og starfsþróun?“, Elna Katrín Jónsdóttir „Betur má ef duga skal“, Ragnar Þorsteinsson „Símenntun, fræðsla og starfsþróun“, Edda Kjartansdóttir „Upplýsingaveita, uppbygging og álitamál“, Svanhildur María Ólafsdóttir „Framkvæmd símenntunar – sýn skólastjórnenda“ og Anna María Gunnarsdóttir „Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF), góð fyrirmynd?“.

Framundan

Nýja kennaramenntunin er í brennidepli og blikur eru á lofti þar sem aðsókn í kennaranám hefur dvínað til muna auk þess sem stórir árgangar kennara fara á eftirlaun næstu árin. Þetta er áhyggjuefni og þarf KÍ í samstarfi við aðra hagsmunaaðila að finna leiðir til að gera námið að spennandi valkosti fyrir ungt fólk. Mikil vinna hefur verið í gangi um símenntun/starfsþróun og er niðurstöðum samstarfsnefndar að vænta seinni hluta ársins. Þessir tveir þættir ásamt innleiðingu nýrra námsskráa verða væntanlega efst á baugi í umræðum um skóla- og menntamál á vettvangi KÍ.

Frá þingjörnum sjóðum, nefndum og ráðum

Orlofssjóður KÍ

Ný stjórn Orlofssjóðs tók við á þingi KÍ í apríl 2011 og er þannig skipuð:

Formaður:

Elís Þór Sigurðsson

Aðalmenn:

Guðmundur Björgvin Gylfason, varaformaður

Ólöf Jónsdóttir

Sigurður Halldór Jesson

Eydís Eyþórsdóttir

Helga Charlotte Reynisdóttir

Erla Stefanía Magnúsdóttir

Varamenn:

Edda Guðmundsdóttir

Ólöf Inga Andrésdóttir

Edda Lára Kaaber

Á fyrsta fundi stjórnar var Guðmundur Björgvin Gylfason kosinn varaformaður og Ólöf Jónsdóttir ritari. Einnig var kosin framkvæmdastjórn en hana skipa: Elís Þór Sigurðsson, Guðmundur Björgvin Gylfason, og Ólöf Jónsdóttir. Stjórnarfundir á tímabilinu eru orðnir ellefu en fundir framkvæmdastjórnar tuttugu og þrjú.

Starfsmenn Orlofssjóðs:

Hanna Dóra Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Orlofssjóðs	(starfshlutfall 100%)
Ragnheiður Ármannsdóttir, skrifstofa Orlofssjóðs	(starfshlutfall 50%)
Elís Þór Sigurðsson, formaður Orlofssjóðs, skrifstofa	(starfshlutfall 25%)
Vilborg Ármannsdóttir, umsjónarmaður á Sóleyjargötu	(starfshlutfall 50%)
Einar Clausen, umsjónarmaður á Sóleyjargötu	(starfshlutfall 50%)
Ólafur Ómar Hlökkversson, umsjónarmaður á Flúðum	(starfshlutfall 100%)
Auður Kolbeinsdóttir, starfsmaður á Flúðum	(starfshlutfall 100%)
Karen Grétarsdóttir, umsjónarmaður í Kjarnabyggð	(starfshlutfall 30%)

Samþykktir stjórnar Orlofssjóðs frá 5. þingi KÍ 6.- 8. apríl 2011

Fráfarandi stjórn Orlofssjóðs hefur haft að leiðarljósi að hafa mikið aðhald með rekstri sjóðsins og greiða niður skuldir. Fjárhagsstaða sjóðsins er góð en skuldir hans eru verulegar. Rekstur sjóðsins varðandi aðra liði en eigið húsnæði hefur vaxið mikið og er orðinn mjög yfirgripsmikill. Á komandi árum þarf því að greiða skuldir niður og gæta aðhalds í öllum rekstri á vegum sjóðsins.

Stefnumótun:

- Eftir mikla uppbyggingu í Heiðarbyggð og endurbyggingu húsa í Ásabyggð eru skuldir sjóðsins verulegar. Unnið verði áfram að því á næsta kjörtímabili að greiða skuldir hans niður.
- Á síðasta ári var gerður þjónustusamningur við skrifstofu KÍ um rekstur Orlofssjóðs, áfram verði leitað leiða til að auka hagsýni í rekstri sjóðsins.
- Á næstu tveimur árum verði lokið við endurbætur á eldri húsunum (10) í Ásabyggð, þrjú hús verði endurbætt á ári.
- Tryggt verði framboð sumarhúsa og íbúða víða um land til endurleigu fyrir félagsmenn og skoðaðir fjölbreyttari valmöguleikar á vetrarleigu.
- Áfram verði unnið að því að lækka gistikostnað félagsmanna með því m.a. að greiða niður hótulgistingu með hótelmiðum.
- Áfram verði unnið að því að auka fjölbreytni orlofstilboða svo sem með gönguferðum og niðurgreiðslu fargjalda.
- Orlofssjóður kynni starfsemi sína fyrir félagsmönnum KÍ, hvenær sem tækifæri gefst.

Skuldabréfamálið

Þann 15. september 2011 staðfesti Hæstiréttur Íslands úrskurð héraðsdóms um að stöðva gerð í aðfararmáli sýslumanns gegn Orlofssjóði Kennarasambands Íslands. Náðist þar með fullnaðarsigur í máli því sem sótt hefur verið gegn Orlofssjóði vegna byggingar orlofshúsanna í Heiðarbyggð.

Eignir Orlofssjóðs KÍ eru:

Ásabyggð, þrettán orlofshús

Endurnýjun orlofshúsa í Ásabyggð er hafin. Árið 2007 var tveimur húsum skipt út og 2009 var það þriðja byggt. Hafin er lagfæring á öllum eldri húsum í Ásabyggð, á árinu 2011 var lokið við að lagfæra eftirtalin hús: nr. 35, 38, 40, 41 og 43 en húsin voru vandlega yfirfarin og skipt um innbú, gólfefni og fleira. Mjög góð nýting er yfir sumartímamann og allar helgar yfir veturinn. Heildarnýting á ársgrundvelli er 52%.

Heiðarbyggð, þrettán orlofshús

Orlofssjóður á þrettán hús í Heiðarbyggð rekstur þeirra gekk vel og þau voru mikið notuð á tímabilinu. Húsin hafa komið mjög vel út hvað rekstur varðar og er almenn ánægja með þau hjá félagsmönnum. Húsin hafa auk þess reynst mjög hagkvæm í rekstri. Húsin í Heiðarbyggð hafa verið mikið bókuð, allar helgar eru fullbókaðar og nýting virka daga er ávallt að aukast. Heildarnýting á ársgrundvelli er 58%.

Fundasalurinn Fróði í Heiðarbyggð

Fróði, ráðstefnu- og fundarsalur Orlofssjóðs KÍ, er risinn í Heiðarbyggð. Salurinn er á jarðhæð í nýbyggingunni Háamóa 2. Á efri hæðinni er orlofsíbúð sem hægt er á að leigja ásamt salnum. Salurinn, sem var vígður í ágúst 2011, hlaut nafnið Fróði eftir nafnasamkeppni.

Kjarnaskógur, fjögur orlofshús

Orlofssjóður á fjögur hús í Kjarnaskógi. Þau eru tvenns konar, annars vegar eldri húsin sem eru númer 4 og 12 og eru 55 m² með þrem svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex og hins vegar nýrri húsin sem eru númer 5 og 7 og eru 70 m² með þrem svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta. Heildarnýting á ársgrundvelli er 71% sem er besta nýtingin í orlofsbústöðum Orlofssjóðs KÍ.

Sóleyjargata 33, fjórar íbúðir og fimm herbergi

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Góð nýting hefur verið á húsinu, hún var 78% alla daga. Ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Sóleyjargata 25, sex íbúðir

Í orlofshúsinu eru sex íbúðir frá 34 - 63m². Góð nýting hefur verið á húsinu eða 77% alla daga. Ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Önnur leiga

Sumarleiga / endurleiguhús

Sumarið 2011 voru 143 orlofshús / leigugeiningar í boði á 77 stöðum víðsvegar um landið. Alls voru 1.470 leiguvikur í boði frá 3/6 – 19/8. Leigunni er skipt í vikuleigu sem er nú í punktastýrðri úthlutun og flakkaraleigu. Á síðastliðnu ári var 98 % nýting á vikuleigu húsum og 80% nýting alla daga sumarsins á flakkarahúsum. Skipting á milli svonefndra flakkarahúsa þar sem félagmenn geta leigt frá einum til sjö daga er 65% á móti vikuleiguhús sem er 35%.

Á hverju ári hefur Orlofssjóður gefið út ferðablað þar sem kynnt eru öll þau tilboð sem eru í gangi hverju sinni. Ferðatilboð Orlofssjóðs eru einnig kynnt jafnóðum á heimasíðu sjóðsins.

Hótelmiðar

Orlofssjóður býður félagsmönnum afsláttarmiða á Icelandair hótelin, Hótel Eddu, Foss hótelin og fleiri hótél. Orlofssjóður niðurgreiðir þessa gistingu.

Orlofsvefurinn

Á orlofsvefnum Hannibal gátu félagsmenn pantað og skoðað punktastöðu sína. Bókunum á vefnum fjölgaði verulega og fóru 90% bókana fram þar árið 2011.

Frimann – nýr bókunarvefur Orlofssjóðs KÍ

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands kynnir nú nýjan orlofsvef Frimann sem tekur við af Hannibal sem hefur þjónað félagsmönnum vel og lengi. Vefurinn er einfaldur í notkun og ætti að auka þægindin við að skoða þá kosti sem í boði eru á vegum Orlofssjóðs.

Önnur verkefni

Orlofssjóður gerði samninga við fjölda ferðapjónustuaðila í sumarið 2011. Níu gönguferðir og hestaferð voru niðurgreiddar í sumar fyrir félagsmenn, alls nýttu 85 félagmenn sér þessa kosti. Boðið var upp á afsláttarmiða fyrir tjaldvagna. Einnig voru í boði afsláttarmiðar í flugferðir á áfangastaði Iceland Express og Icelandair. Voru 788 afsláttarmiðar seldir með Iceland Express og 1603 afsláttarmiðar með Icelandair. Orlofssjóður gerði samning um sölu farmiða með Baldri um Breiðafjörð og tóku félagsmenn því mjög vel en alls seldust 483 slíkir miðar. Orlofssjóður bauð félagsmönnum sínum útilegukort og veiðikort til sölu á niðurgreiddu verði. Alls seldust 190 útilegukort og 417 veiðikort á árinu 2011.

Orlofshúsin sem eru til leigu fyrir félagsmenn 2012 eru örlítið færri en í fyrra en nú blasir sú staðreynd við að sjóðurinn keppir við erlenda aðila sem sækja í að leigja sumarhús á Íslandi. Það hefur valdið því að leiguverð sumarhúsa hefur hækkað. Í sumar verður eins og áður fjölbreytt úrval gönguferða í boði. Ferðirnar eru allar innanlands og eru ýmist dagsferðir, helgarferðir eða þriggja til sex daga ferðir.

Stjórn Orlofssjóðs hefur tekið þá stefnu að verja meiri fjármunum til að niðurgreiða gönguferðir og flugávisanir fyrir félagsmenn en hingað til. Auk þess verður lögð áhersla á viðhald og endurbætur á húsunum í Ásabyggð en samþykkt þar að lútandi var gerð á síðasta þingi KÍ.

Elís Þór Sigurðsson

Sjúkrasjóður KÍ

Sjúkrasjóður KÍ var stofnaður á stofnþingi KÍ árið 1999 og honum markaður tekjustofn með samningum við ríki og sveitarfélög í nóvember 2000. Úthlutanir úr sjóðnum hófust 1. nóvember 2001 og hefur því í árslok 2011 verið úthlutað reglulega í rúm tíu ár.

Frá upphafi hefur tilgangur sjóðsins verið að:

- Veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla,
- styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma,
- styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Á þingi KÍ 2011 var Kristín Stefánsdóttir (FT), kjörin formaður Sjúkrasjóðs og eftirtaldir kjörnir í stjórn sjóðsins: Ásdís Ingólfssdóttir (FF), Guðmundur Freyr Sveinsson (SÍ), Margrét Þórisdóttir (FG) og Toby Sigrún Herman, (FF). Varafulltrúar voru kjörnir: Inga María Friðriksdóttir (FG), Árdís Jónsdóttir (FG), Kristín Jónsdóttir (FG), Elísabet Siemsen (FS) og Soffía Þorsteinsdóttir (FSL).

Á skrifstofu KÍ sinna María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir, starfsmenn sjóða, verkefnum Sjúkrasjóðs KÍ.

Fundir í stjórn Sjúkrasjóðs eru haldnir í lok hvers mánaðar og þá teknar til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga, umsóknir skv. 6. gr. úthlutunarreglna og aðrar umsóknir sem nauðsynlegt er að sjóðsstjórn fjalli um. Enn fremur staðfestir stjórnin afgreiðslu starfsmanna á öðrum umsóknum sem falla að reglum sjóðsins.

Úthlutunarreglur og eyðublöð

Samkvæmt reglum um Sjúkrasjóð KÍ ber sjóðsstjórn að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins eigi sjaldnar en árlega. Breytingar á úthlutunarreglum eru háðar samþykki stjórnar KÍ. Úthlutunarreglum ar síðast breytt 1. október 2011 þegar sjúkradagpeningar og útfararstyrkir voru hækkaðir, auk þess sem skilgreindur var réttur atvinnulausra sjóðfélaga til sjúkradagpeninga og styrkir vegna krabbameinsskoðunar í ristli og blöðruhálskirtli teknir upp. Sjóðsstjórn vinnur nú að endurskoðun úthlutunarreglna með það að markmiði að hækka styrkfjárhæðir en fjárhagur sjóðsins leyfir þó ekki veigamiklar breytingar. Stjórn og starfsmenn sjóðsins fylgjast reglulega með þróun úthlutunarreglna sjúkra- og styrktarsjóða annarra stéttarfélaganna og eru þær upplýsingar hafðar til hliðsjónar við endurskoðun úthlutunarreglna ásamt því að taka mið af fjárhagsstöðu Sjúkrasjóðs hverju sinni.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður (VIRK) var stofnaður í kjölfar kjarasamninga haustið 2008 og standa að honum öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda. Stjórn Sjúkrasjóðs hefur fylgst með uppbyggingu og þróun sjóðsins en KÍ er einn stofnaðila. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum þess að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Ráðgjöf á sviði starfsendurhæfingar er þjónusta sem er samvinnuverkefni stéttarfélaganna og VIRK.

Umfang starfsemi VIRK hefur vaxið umtalsvert á undanförunum árum og starfsendurhæfingarráðgjöfum sem sinna félagsmönnum KÍ, BHM og SSF verið fjölgað úr einum í tvo. Guðleif Birna Leifsdóttir og Kristbjörg Leifsdóttir gegna starfi starfsendurhæfingarráðgjafa og hafa aðstöðu á skrifstofu BHM í Borgartúni 6. Frá upphafi hafa ráðgjafarnir unnið í nánú samstarfi við starfsmenn og stjórn Sjúkrasjóðs. Störf ráðgjafa miðast fyrst og fremst við að gera fólki kleift að vera virkt á vinnumarkaði og að finna lausnir sem henta hverju sinni. Hefur þessi þjónusta gefist mjög vel.

Tekjur og úthlutanir

Fjárhagsstaða Sjúkrasjóðs hefur á undanförunum þremur árum verið það góð að unnt hefur verið að hækka styrkfjárhæðir nokkuð. Einkum hefur verið lögð áhersla á að hækka sjúkradagpeninga til samræmis við þróun sjúkradagpeninga hjá öðrum sjúkrasjóðum. Á liðnu ári hefur auk þess verið unnt að hækka fjárhæðir í öðrum styrkflokkum og fjölga styrkflokkum lítillega.

Heildarúthlutanir árið 2011 skiptust milli styrkflokka sem hér segir:

2011:	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	48.356.829	18.34
Sjúkradagpeningar sjóðfélaga	87.996.037	33.38
Sjúkradagpen. v/maka og barna	2.864.560	1.09
Fæðingarstyrkir	75.054.536	28.47
Útfararstyrkir	4.650.000	1.76
Heymartæki	3.128.222	1.19
Gleraugu	11.078.538	4.20
Laseraðgerðir	6.595.165	2.50
Ættleiðingar	1.600.000	0.61
Glasafriðvöganir	6.510.241	2.47
Forvarnir	12.697.360	4.82
Aðrir styrkir	3.077.352	1.17
Samtals kr.	263,608,840	100.00

Lokaorð

Við lok þessa starfstímabils verður að telja fjárhagsstöðu Sjúkrasjóðs KÍ allgóða en ljóst er þó að svigrúm er lítið til að bæta við nýjum styrkflokkum eða hækka styrkfjárhæðir verulega. Nýir möguleikar á greiningu upplýsinga úr rafrænu skráningarkerfi munu veita sjóðsstjórn aukna möguleika í áætlanagerð og greiningu sem væntanlega á eftir að nýtast vel til að sjóðurinn geti áfram sinnt hlutverki sínu og stutt þá sem brýnast þurfa á stuðningi að halda.

F.h. stjórnar Sjúkrasjóðs KÍ
Kristín Stefánsdóttir, formaður

Vinnudeilusjóður KÍ

Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ

Á fimmta þingi KÍ í apríl 2011 var Ingibergur Eliasson kosinn formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ og aðalmenn þau Elín Mjöll Jónasdóttir, Guðbjörg Harpa Ingimundardóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason og Snorri Heimisson. Í varastjórn voru kosin: Gjasoub Abed, Kristín Kolbeinsdóttir, Vilborg Guðbjartsdóttir, Björgvin R. Leifsson.

Fundir

Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði til jafnaðar.

Starfsmaður

Ingibergur Eliasson var ráðinn starfsmaður Vinnudeilusjóðs. Starfið er miðað við 25 dagvinnustundir á mánuði við daglegan rekstur sjóðsins.

Stefnumið sem Vinnudeilusjóði voru sett á 5. þingi KÍ 6.-8. apríl 2011

(Úr reglum fyrir Vinnudeilusjóð voru samþykktar á 5. þingi KÍ 6.-8. apríl 2011

8. gr Ávöxtun

Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggast hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.)

Eignavarsla 26. gr.

Semja skal við viðurkenndar fjármálastofnanir um vörslu og ávöxtun fjármuna KÍ, Orlofssjóðs KÍ, Sjúkrasjóðs KÍ og Vinnudeilusjóðs KÍ. Miða skal við að fjármunir séu ávaxtaðir á innlánsreikningum, í skuldabréfum eða hlutabréfum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnar KÍ.

Fjárvörsluráð

Starfandi skal vera fjárvörsluráð innan KÍ. *Hlutverk fjárvörsluráðs er að móta stefnu um ávöxtun fjármuna KÍ og sjóða, fylgjast með þróun peningamála og móta tillögur um ávöxtunarleiðir.*

Í ráðinu eiga sæti formaður KÍ, varaformaður KÍ, gjaldkeri KÍ, skrifstofustjóri KÍ, hagfræðingur KÍ, og formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ. Heimilt er að stofna sérsjóði innan KÍ. Skal það gert með reglugerð fyrir hvern sjóð er þing samþykkir. Skoðunarmenn reikninga skulu fylgjast með fjárhagsstöðu KÍ og að farið sé eftir samþykktum þings og stjórnar.

Samþykkt um gjald í Vinnudeilusjóð KÍ

(Úr reglum fyrir Vinnudeilusjóð voru samþykktar á 5. þingi KÍ 6.-8. apríl 2011

3. gr Tekjur

Tekjur sjóðsins eru iðgjöld sem ákvarðast og greiðast á sama hátt og félagsgjald. Einnig fjáröflun sjóðsins og framlög frá öðrum stéttarfélögum eða öðrum aðilum.)

Fimmta þing Kennarasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 6. til 8. apríl 2011, samþykkir að ekki verði tekið upp sérstakt gjald í Vinnudeilusjóð KÍ á kjörtímabilinu. Þingið heimilar þó stjórn KÍ og stjórn Vinnudeilusjóðs að hefja gjaldtöku að nýju komi til vinnustöðvunar á kjörtímabilinu. Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 0,5% af föstum launum félagsmanna.

Greinargerð frá stjórn Vinnudeilusjóðs:

Með hliðsjón af ástandi efnahagsmála, m.a. minnkandi kaupmætti launa, telur stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ rétt að félagsmenn njóti góðrar stöðu sjóðsins og innheimtu félagsgjalda í sjóðinn verði því frestað áfram.

Komi til vinnustöðvunar hjá aðildarfélagi KÍ þurfa stjórnir KÍ og Vinnudeilusjóðs að ákveða hvort innheimta eigi félagsgjald í Vinnudeilusjóð að nýju að hámarki 0,5% miðað við föst laun félagsmanna.

Greiðslur vegna kjarasamninga aðildarféлага KÍ 2011

Samkvæmt reglum um þátttöku Vinnudeilusjóðs í kostnaði aðildarfélaganna vegna kjarasamninga nam framlag til þeirra á árinu 2011 kr. 16.546.004. Þessi upphæð er sett saman af kosnaði vegna samninganefnda kr. 7.784.025, kynningar kr. 5.577.460 og vegna atkvæðagreiðslna kr. 3.148.519. Öll aðildarfélög fengu styrk samkvæmt reikningi.

Ekki kom til þess að greiða þyrfti verkfallsbætur þar sem kjarasamningar voru gerðir við viðkomandi félög áður en til þessa kæmi.

Fjármál

Stjórnir Vinnudeilusjóðs hafa lagt áherslu á að fara eftir ákvæðum í reglum sjóðsins hvað varðar ávöxtun samkv. 8. gr. en þar segir: „Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.“

Helsti viðskiptabanki Vinnudeilusjóðsins er Landsbanki Íslands. Eignavörslusamningur hefur verið gerður við bankann samkvæmt samþykktum stjórnar sjóðsins þar sem kveðið er á um að fé verði að stærstum hluta ávaxtað í ríkistrygðum bréfum með verðtryggingu og einnig að hluta á innlánsreikningi.

Vinnudeilusjóður á verulegt fé á innlánsreikningum í Íslandsbanka, áður Byr sparisjóður. Undanfarin ár hefur Vinnudeilusjóður notið viðunandi ávöxtunar vegna vaxtaauka á innlánsreikninga hjá BYR. Eignarhald BYR hefur undir áramót 2011 færst til Íslandsbanka og hafa nýir eigendur kynnt þá stefnu sína að lækka innlánsvexti og vaxtaálag. Vinnudeilusjóður átti fé bundið í Alþjóðlegum hlutabréfasjóði hjá Íslenskum verðbréfum en það hefur verið selt og andvirðið flutt inn í safn Vinnudeilusjóðsins hjá Landsbanka Íslands. Þá á Vinnudeilusjóðurinn nokkurt fé í Verðbréfasjóði Íslandsbanka. Þetta síðartalda eru eftirhreytur úr „hruninu“ og er um að ræða fé sem er að berast úr slitmeðferð.

Eignir Vinnudeilusjóðs í árslok 2011 voru rúmlega kr 1,4 milljarður og varð ársávöxtun alls safnsins tæplega 6 % sem er aðeins umfram verðbólgu ársins. Kostnaður vegna kjarasamninga á árinu 2011 nam upb 33% af „tekjum“ sjóðsins.

Verfallsstyrkur til Færeyja

Sjóðnum barst beiðni frá stjórn Kennarasambandsins í febrúar 2012 um styrk við félag leikskólakennara, Föroyja Pedagogfelag, í Færeyjum sem átti í vinnudeilu. Stjórn Vinnudeilusjóðsins varð við þessari beiðni og samþykkti framlag að upphæð ikr 5 milljónir.

Málverk

Óformleg umræða hefur farið fram í stjórn Vinnudeilusjóðsins um málverk í eigu hans. Allt stefnir í að verkið verði afhent á næstunni til varðveislu í hinu nýja ráðstefnusetri Kennarasambandsins, Fróða, sem er rekið af stjórn Orlofssjóðs í Heiðarbyggð að Flúðum.

Ýmsar nefndir

Vinnuumhverfisnefnd KÍ

Vinnuumhverfisnefnd er ein af fastanefndum KÍ og í henni sitja þrjú til fimm fulltrúar sem stjórn KÍ skipar skv. 35. grein laga KÍ.

Hlutverk vinnuumhverfisnefndar er að:

- Endurskoða og þróa stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum,
- skipuleggja og standa fyrir árlegum þemadegi um vinnuumhverfismál félagsmanna,
- skipuleggja ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna um vinnuumhverfismál, sálfélagslega álagshætti í vinnuumhverfinu og samskipti á vinnustað,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Ný vinnuumhverfisnefnd tók til starfa haustið 2012 og haldnir hafa verið sex fundir. Nefndin kaus sér formann, Sif Stefánsdóttur, og ritara, Petreu Óskarsdóttur. Nefndin hefur unnið að gerð starfsáætlunar fyrir kjörtímabilið 2011-2014 og áhersla verður lögð á einstaklinginn í starfi. Unnið er meðal annars út frá stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum og þeim tillögum sem komu fram á þingi KÍ í apríl 2011 er varða málaflokkinn. Nefndin hefur sent stjórn KÍ minnisblað vegna vinnuumhverfismála á kjörtímabilinu. Haldið verður áfram með þemastarf nefndarinnar, þar sem hverri önn skólaársins er tileinkað ákveðið þema:

- Samskipti á vinnustað - vorönn 2012
- Starfsánægja - haustönn 2012
- Starfsþróun - vorönn 2013
- Starfsumhverfi og heilsuefning - haustönn 2013
- Stéttarvitund - vorönn 2014

Efni sem tengist þema hverrar annar mun birtast á vefsíðu KÍ ásamt því að fleira efni verður sett þar inn. Stefnt er að því að vinna viðtöl og pistla til birtingar í Skólavörðunni. Auk þess verður upplýsingum og fræðslu dreift til félagsmanna KÍ með tölvupósti eftir því sem við á.

Á kjörtímabilinu mun vinnuumhverfisnefnd koma að fræðslu fyrir félagsmenn á fundum eftir því sem færi gefst. Hvatt verður til árlegs þemadags í skólum og samstarf við jafnréttisnefnd KÍ og siðaráð KÍ er á döfnni. Athugað verður með möguleika á framkvæmd könnunar um einelti meðal kennara. Í lok kjörtímabils verður stefna KÍ í siðaráðsmálum skoðuð og lögð fram til breytinga fyrir sjötta þing KÍ 2014, ef þörf krefur.

Vinnuumhverfisnefnd KÍ er þannig skipuð:

- Ásdís Ingólfssdóttir, FF
- Guðný Anna Þóreyjardóttir, FSL
- Petrea Óskarsdóttir, ritari, FT
- Sif Stefánsdóttir, formaður, SÍ
- Sigurður Halldór Jesson, FG

Þjónustufulltrúi á félagssviði, Hafdís D. Guðmundsdóttir, er starfmaður nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd KÍ

Fulltrúar í nefndinni eru:

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, FF, formaður, Hreiðar Oddsson, FG, ritari, Helmut Hinrichsen, FS, Erna Káradóttir, FSL og Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir, FL.

Jafnréttisnefnd vinnur eftir jafnréttisstefnu KÍ 2011-2014. Verkefni nefndarinnar eru að:

- Vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í jafnréttismálum,
- endurskoða jafnréttisstefnu KÍ í ljósi nýrra jafnréttislaga. Við endurskoðun verði einnig höfð til hliðsjónar hugmyndafræði mannréttindamála,
- vinna umsagnir um frumvörp og önnur erindi þar sem óskað er eftir álitum KÍ um jafnréttismál,
- hafa forgöngu um samstarf við jafnréttisnefndir annarra launþegasamtaka,
- framfylgja samþykktum fjórða þings KÍ er varða jafnréttismál,
- annast verkefni sem tengjast aðkomu KÍ að alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Nefndin hóf störf í september 2011 og tók við starfi fyrri jafnréttisnefndar við að klára gerð jafnréttisáætlunar í samvinnu við formann og skrifstofustjóra KÍ skv. samþykkt fimmta þings KÍ. Alls hafa verið haldnir átta fundir þar sem unnið hefur verið að þeim drögum að jafnréttisáætlun sem nú eru lögð fyrir ársfund KÍ 2012. Hanna Björg formaður sat í nefnd sem undirbjó baráttudag kvenna 8. mars 2012.

Starfsmaður jafnréttisnefndar er Hafdís D. Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi á félagssviði KÍ.

Siðaráð KÍ

Nýtt siðaráð var skipað á haustdögum 2011 í ráðinu sitja eftirtaldir aðilar:

Formaður:

Linda Ósk Sigurðardóttir, FL

Ritari:

Mjöll Matthíasdóttir, FG

Guðlaugur Pálmi Magnússon, FS

Sigrún Þórsteinsdóttir, FSL

Ægir Karl Ægisson, FF

Starfsmaður ráðsins í Kennarahúsinu er Hafdís Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á félagssviði, hún mun sitja fundi nefndarinnar.

Frá því siðaráðið var skipað í október 2011 hefur ráðið haldið fjóra fundi, alla í húsnæði Kennarasambandsins.

Í lögum KÍ segir: Siðaráð 33. gr.

Siðaráð skal skipað 3 til 5 fulltrúum sem stjórn KÍ skipar. Kjörtímabil siðaráðs er milli reglulegra þinga.

Hlutverk siðaráðs er að:

- Auka þekkingu um siðfræði og félagsleg álitamál,
- endurskoða og útfæra siðareglur reglulega og viðhalda umræðum um þær,
- kynna siðareglur og móta sameiginlegan skilning á siðareglum,
- vinna með stjórn og ráðum að því að kynna viðhorf stéttarinnar til faglegra álitamála,
- vera stjórn KÍ til ráðuneytis um álitamál sem varða siðareglur sambandsins,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur ráðinu og falla að verksviði þess.

Fimmta þing KÍ 6. - 8. apríl 2010 samþykkti breytingar á siðareglum og hljóða nógildandi siðareglur þannig:

Siðareglur styrkja fag- og siðferðisvitund stéttarinnar.

Kennari:

1. Menntar nemendur.
2. Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
4. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
5. Hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
7. Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
9. Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
11. Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.

Starf siðaráðs hefur þessa mánuði að mestu snúist um að kynna sér siðareglurnar og hvernig hægt væri að auka umræðu og sýnileika þeirra. Nú hefur verið gefið út veggspjald í stærð A4 og póstkort með siðareglunum sem verða send til allra skóla og félagsmanna KÍ. Siðareglurnar voru þýddar á ensku og dönsku og birtar á heimasíðu KÍ. Siðaráð er að vinna að bréfi til að senda á þá háskóla sem bjóða upp á kennaramenntun þar sem við óskum eftir upplýsingum frá skólunum um hver hlutur siðfræði er í kennaranámi þeirra skóla. Siðaráð hefur mikið fjallað um hvernig best væri að kynna siðareglurnar fyrir kennurum og er sú vinna í gangi.

Linda Ósk Sigurðardóttir

Formaður siðaráðs

Erlent samstarf

NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd)

Norræn kennarafélög hafa átt með sér mikið og náið samstarf undanfarin ár á vettvangi NLS. Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólastjóra á Norðurlöndunum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Þórður Á. Hjaltested, Björg Bjarnadóttir og Aðalheiður Steingrímsdóttir.

KÍ fór með forystuhlutverk samtakanna árið 2011 og fór formaður KÍ með formennsku í NLS. Tveir hefðbundnir stjórnarfundir NLS voru haldnir á Íslandi árið 2011, annar í maí en á hann mætti fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon sem gestur, og hinn í nóvember, á hann mætti menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir sem gestur. Í lok september var haldin ráðstefna samtakanna (forbundsseminarium) um „Utbildning – en investering i fremtiden“ á Grand Hótelu í Reykjavík, en hún er haldin á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni flutti menntamálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir erindi. Það gerðu einnig forseti Menntavísindastofnunar HÍ, dr. Jón Torfi Jónsson, dr. Anna Kristín Sigurðardóttir og Sigurjón Mýrdal frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Flestir fulltrúar í stjórn KÍ sátu ráðstefnuna.

Haldnir voru fundir í leikskóla- grunnskóla- og framhaldsskóladeildum samtakanna á Íslandi. Fulltrúar aðildarfélaga KÍ í einstökum deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir í grunnskóladeild, Ingibergur Eliasson og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og Fjóla Þorvaldsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir í leikskóladeild.

Skrifstofa samtakanna er í Helsingfors í Finnlandi. Framkvæmdastjóri NLS er Anders Rusk frá Finnlandi. Á skrifstofu NLS starfar einnig Maria Häggman.

Evrópusamstarf og Alþjóðasamband kennara

KÍ á aðild að Alþjóðasambandi kennara (Education International, EI) og að Evrópudeild sambandsins en það starfar að miklu leyti samhliða ETUCE sem KÍ á einnig aðild að. ETUCE er upprunalega samstarfsvettvangur kennarasamtaka í EB/EFTA en tekur nú einnig til annarra Evrópulanda. KÍ fylgist aðallega með starfsemi EI með því að lesa efni sem berst frá sambandinu og með þátttöku í afmörkuðum verkefnum svo sem úttektum og könnunum. Slík viðfangsefni hafa á þessu starfstímabili fjallað um starfskjör og réttindamál, jafnréttismál, menntastefnu og áhrif kreppunnar á menntun. Vinna við þátttöku KÍ í svona könnunum dreifist á ýmsa starfsmenn og svið innan KÍ.

Fulltrúi KÍ/Íslands í stjórn Evrópudeildar IE – ETUCE er Þórður Á. Hjaltested. Fundir stjórnar eru venjubundið tveir á ári, annar í október og hinn í mars, en geta þó verið fleiri. ETUCE efnir reglulega til ráðstefna um málefni sem eru í deiglu. Hafdís Guðmundsdóttir sótti ráðstefnu um vinnuumhverfismál í nóvember 2011 og Ingibjörg Kristleifsdóttir og Haraldur F. Gíslason sóttu ráðstefnu um leikskólamál í febrúar síðastliðnum.

Síðastliðið sumar var haldið þing EI í Suður Afríku. Fundinn sóttu fyrir hönd KÍ; Þórður Á. Hjaltested, Björg Bjarnadóttir og Ólafur Loftsson. Ólafur var skráður á þingið sem „observer“ á kostnað FG.

Þingið var starfsamt og frjótt. Á þinginu var samþykkt stefna EI sem þýdd hefur verið á íslensku og finna má á heimasíðu KÍ. Fulltrúar norrænu þjóðanna áttu með sér mjög gott samstarf undir hatti NLS og þar sem Ísland fór með forystuhlutverk NLS kom það í hlut formanns KÍ að stýra sameiginlegum fundum og ávarpa við hátíðleg tækifæri.

Niðurlag

Sá tími sem liðið hefur frá þingi KÍ hefur verið viðburða- og lærdómsríkur svo ekki sé meira sagt. Töluverð endurnýjun varð í stjórn, nefndum og ráðum KÍ á síðasta þingi. Nýr formaður og varaformaður tóku til starfa og nokkrir nýir starfsmenn hófu störf í Kennarahúsinu, m.a. tveir formenn aðildarfélaganna. Segja má að þetta fyrsta ár hafið verið lærdómsár fyrir nýja forystu, því starfsemi KÍ og aðildarfélaganna er afar fjölbreytt og að mörgu er að hyggja.

Í Kennarahúsinu starfar rösk sveit starfsmanna sem leggur áherslu á góða og lipra þjónustu við félagsmenn. Nokkuð hefur verið um langtímaveikindi starfsmanna eins og gengur og gerist á vinnustöðum og hefur það bitnað á starfseminni að nokkrum hluta. Ljóst er að lítill vinnustaður sem skrifstofa KÍ má illa við miklum forföllum starfsmanna, störfín eru sérhæfð og leiða veikindi til tímabundinna hamlana á þjónustu og er það miður.

Eins og áður hefur komið fram í skýrslum KÍ, þá hefur Kennarasamband Íslands, eins og þjóðin öll, háð mikla varnarbaráttu allt frá hruninu haustið 2008. Baráttan hefur snúist um að verja grunnstoðir samfélagsins og hefur KÍ einbeitt sé að því að verja menntakerfið og kjör félagsmanna. Þessi baráttan hefur verið erfið og margt hefur þurft undan að láta. Útilokað er að ná fram meiri sparnaði í menntakerfinu án þess að skerða þjónustu, þar sem þegar er búið að skera mikið niður. Það eina sem hægt er að gera við þessar aðstæður er að snúa bókum saman og reyna að opna augu stjórnmalámalanna fyrir þeirri staðreynd að niðurskurður í menntakerfinu er hættulegur og líklegur til að bitna hart á framtíð þjóðarinnar. Málflutningur KÍ mun áfram einkennast af þessu ásamt því að styðja við félagsmenn eins og unnt er.

Að lokum viljum við þakka þeim fjölmörgu félagsmönnum sem komið hafa að starfsemi Kennarasambandsins á liðnu ári fyrir mikið og gott starf. Eins viljum við þakka samstarfsaðilum KÍ fyrir samstarfið.

Þórður Á. Hjaltsted
Björg Bjarnadóttir



VIÐ MENNTUM ÍSLAND!

SIÐAREGLUR KENNARA

Kennari:

1. Menntar nemendur.
2. Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
4. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
5. Hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
7. Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
9. Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
11. Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.



KENNASAMBAND
ÍSLANDS



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

